



Borgarfjarðarbrúin
Sveigjanleiki og fjölbreytni
í námi og kennsluháttum
-lokaskýrsla-

Menntaskóli Borgarfjarðar maí 2012

Verkefni unnið með styrk úr Sprotasjóði

Verkefnisstjóri, Kolfinna Jóhannesdóttir

Efnisyfirlit

1. MARKMIÐ VERKEFNISINS SAMKVÆMT UMSÓKN.....	2
2. LEIÐIR SEM VALDAR VORU TIL AÐ NÁ MARKMIÐI	2
3. FRÁVIK MIÐAÐ VIÐ ÁÆTLUN VERKEFNISINS	3
4. HELSTU HINDRANIR SEM KOMU UPP VIÐ VINNU VERKEFNISINS	4
5. HELSTI ÁVINNINGUR AF VINNU VIÐ VERKEFNIÐ, JÁKVÆÐ ATRIÐI SEM FYLGDU Í KJÖLFAR EÐA SAMHLIÐA VERKEFNISVINNU	4
6. MAT Á VERKEFNINU SAMKVÆMT UMSÓKN	5
7. NIÐURSTÖÐUR VERKEFNISINS.....	5
8. ÁÆTLUN UM KYNNINGU Á AFRAKSTRI VERKEFNISINS OG HELSTU NIÐURSTÖÐUM	7
9. ANNAÐ SEM GAGNLEGT ER AÐ UPPLÝSA STJÓRN SPROTASJÓÐS UM	

1. MARKMIÐ VERKEFNISINS SAMKVÆMT UMSÓKN

Helstu markmið verkefnisins samkvæmt umsókn voru að stuðla að sveigjanleika og fjölbreytni í námi, kennsluaðferðum, námsmati og kennsluháttum með það að leiðarljósi að mæta hverjum og einum nemanda enn betur á hans eigin forsendum. Framangreint markmið var forgangssvið verkefnisins. Önnur markmið voru að þróa áfram flæðinám í skólunum og þróa notkun á forritum til upptöku kennslustunda. Ennfremur að nemendum fylgi upplýsingar um námslega stöðu við lok grunnskóla í formi rafrænnar ferilskrár og að bæta læsi hjá nemendum á öllum skólastigum með svokallaðri leshringaaðferð.

2. LEIÐIR SEM VALDAR VORU TIL AÐ NÁ MARKMIÐUM

Sérstakur bakhópur var stofnaður til að halda utan um verkefnið með samstarfsskólunum og fylgja því eftir. Í honum sátu Ársæll Guðmundsson skólameistari Menntaskóla Borgarfjarðar, Lilja Sesselja Ólafsdóttir aðstoðarskólameistari MB, Ingibjörg Inga Guðmundsdóttir skólastjóri Grunnskóla Borgarfjarðar, Hilmar Már Arason aðstoðarskólastjóri Grunnskóla Borgarness, Kristín Björk Guðmundsdóttir skólastjóri Laugargerðisskóla og Ásthildur Magnúsdóttir fræðslustjóri Borgarbyggðar. Ársæll hætti í bakhópnum í lok ársins 2011 þar sem hann hvarf til starfa við Iðnskólann í Hafnarfirði. Kolfinna Jóhannesdóttir nýr skólameistari MB kom inn í hópinn í ágúst 2011. Verkefnisstjóri í upphafi var Gunnhildur Harðardóttir en hún lét af störfum í lok ársins 2011. Frá í ágúst sl. hefur Kolfinna Jóhannesdóttir séð um verkefnisstjórn. Bakhópurinn hefur hist að jafnaði einu sinni til tvisvar í mánuði og haldið fundargerðir um framgang verkefnisins. Leiðir sem valdar voru til að ná markmiðum verkefnisins voru nokkrar:

- Skólarnir tóku allir þátt í spunanámskeiði þar sem áhersla var á notkun upplýsingatækni í tungumálakennslu. Spunanámskeiðið stóð yfir í þrjú mánuði á vorönn 2012 og var stærsta einstaka verkefnið sem unnið var að. Settur var á fót sérstakur stýrihópur til að halda utan um spunanámskeiðið í skólunum. Í hópnum áttu sæti kennarar í upplýsingatækni úr öllum skólunum alls fimm einstaklingar. Hlutverk stýrihópsins var að aðstoða kennara í tungumálum við að tileinka sér notkun ýmissa forrita í kennslu. Áhersla var á tungumálakennslu en kennarar úr öðrum greinum nutu góðs af. Skólarnir

fengu Þorbjörgu St. Þorsteinsdóttir verkefnisstjóra Tungumálatorgsins hjá Menntavísindasviði Háskóla Íslands til að koma verkefninu af stað. Hún hélt fyrirlestra og námskeið fyrir kennara í upphafi en síðan tók stýrihópurinn við og fylgdi verkefninu áfram inni í skólunum. Verkefnið fékk heitið Borgarfjarðarspuni.

- Haldin voru þrjú námskeið fyrir kennara í notkun excel töflureiknis og klippiforrita.
- Unnið var að því að skapa samfellu í námsmati milli skólastiga.
- Varðandi flæðinám þá var ákveðið að þróa það verkefni áfram þrátt fyrir að því fylgi engar greiðslur frá hinu opinbera. Menntaskóli Borgarfjarðar heldur úti samræmdri grunnskólabraut fyrir nemendur í 10. bekk grunnskólanna í Borgarfirði.
- Allir skólarnir í Borgarfjarðarbrúnni hafa innleitt skoska sjálfsmatskerfið „How good is our school?“ og nota gæðagreina til að meta skólastarfið.

3. FRÁVIK MIÐAÐ VIÐ ÁÆTLUN VERKEFNISINS

Í áætlun verkefnisins var gert ráð fyrir að unnið yrði að nokkrum markmiðum. Hópurinn var sammála um að leggja mesta áherslu á þau markmið verkefnisins sem skilgreind voru sem forgangsvið verkefnisins. Hér var um ræða leiðir til að auka sveigjanleika og fjölbreytni í námi og kennsluháttum. Önnur markmið verkefnisins falla í raun undir þetta markmið. Minna var unnið að innleiðingu á rafrænni ferilskrá en til stóð upphaflega en það verkefni verður áfram í gangi meðal grunnskólanna.

4. HELSTU HINDRANIR SEM KOMU UPP VIÐ VINNU VERKEFNISINS

Spunanámskeiðið fór hægt af stað og hugsanlega hefði þurft skýrari leiðsögn um til hvers var ætlast af hverjum einum. Verkefnið gekk vel í grunnskólunum en minni þátttaka var meðal kennara í Menntaskólanum. Hugsanlega höfðu netverkfæri til kennslu mismikið til kennara eftir því á hvaða skólastigum þeir eru að kenna. Skýringin gæti einnig legið í að það hefði þurft að fylgja verkefninu betur eftir inn í Menntaskóla Borgarfjarðar.

5. HELSTI ÁVINNINGUR AF VINNU VIÐ VERKEFNIÐ, JÁKVÆÐ ATRIÐI SEM FYLGDU Í KJÖLFAR EÐA SAMHLIÐA VERKEFNISVINNU

Aðilar eru sammála um að Spunanámskeiðið hafi heilt á litið tekist vel. Námskeiðið hafi nýst vel til að ná markmiðum verkefnisins um að stuðla að sveigjanleika og fjölbreytni í námi, kennsluaðferðum, námsmati og kennsluháttum. Ennfremur séu netverkfæri góð tæki til að ná fram markmiðum um að mæta hverjum og einum nemanda betur á hans forsendum. Áherslan í verkefninu var á þátttöku tungumálakennara en kennarar í öðrum faggreinum nutu góðs af verkefninu. Kennarar prófuðu fjölmörg netverkfæri og settu upp heimasíðu þar þátttakendur miðluðu reynslu sinni. Í niðurstöðukafla er að finna lista yfir forrit sem voru prófuð og skoðuð af kennurum, ennfremur yfirlit yfir þau forrit sem síðan voru mest notuð í kennslu af kennurum.

Aðilar voru sammála um að námskeiðin þrjú í excel töflureikni og notkun klippiforríta hefðu tekist vel og væru góð leið til að stuðla að fjölbreytni í námi og kennsluháttum. Þátttakendur voru almennt mjög ánægðir og töldu að námskeiðið hefði veitt þeim meira öryggi gagnvart tækninni og sýnt þeim fram á aukna notkunarmöguleika. Árangur námskeiðanna er þegar kominn fram að mati kennara sem birtist í því að fleiri nemendur eru farnir að nota forritin með aðstoð kennara.

Einn helsti ávinningur verkefnisins sem tengist sveigjanleika í námi var að Menntaskóli Borgarfjarðar mun næsta skólaár bjóða upp á tvær leiðir fyrir nemendur í kjarnafögum. Nemendur geta valið um að byrja á áföngum á hæfniprepi eitt eða á

hæfniþrepi tvö. Námsmat úr grunnskóla mun ráða því á hvaða þrepi nemendur byrja. Menntaskóli Borgarfjarðar og grunnskólarnir ræddu sameiginlegan skilning á viðmiðum um námsmat fyrir hvora leið fyrir sig. Þau viðmið voru einnig skoðuð með hliðsjón af nýjum matskvörðum í nýrri aðalnámskrá. Skólarnir telja mikilvægt að vinna áfram að því að styrkja samfellu í námsmati.

6. MAT Á VERKEFNINU SAMKVÆMT UMSÓKN

Bakhópurinn fór mánaðarlega yfir stöðu mála til að meta framgang verkefnisins með reglubundnum hætti. Verkefni hefur haft áhrif á skólastarfið í heild meðal allra skólanna sem tóku þátt í verkefninu. Verkefnið hefur stóraukið samstarf milli skólanna og eru aðilar sammála um árangur verkefnisins. Sveigjanleiki og fjölbreytni í námi og kennsluháttum hefur aukist.

Árangur af námskeiðahaldi í excel töflureikni og notkun klippiforríta varð strax sýnilegur í kennslu. Á fundum stýrihóps sem leiddi spunanámskeiðið innan skólanna kom fram ánægja með verkefnið og mikill áhugi á að halda því áfram. Þátttakendur voru aðeins áttavilltir til að byrja með en töldu sig síðar vera komna með ákveðinn takt sem gott væri að halda áfram að vinna eftir.

7. NIÐURSTÖÐUR VERKEFNISINS

Fulltrúar í bakhópi verkefnisins eru sammála um að þetta þróunarverkefni hafi tekist vel. Þeim markmiðum sem mestu máli skiptu að mati samstarfsskólanna var náð. Vitnisburður kennara sem tóku þátt í námskeiðum er til marks um það. Alltaf má þó gera betur og hugsanlega hefði mátti afmarka verkefnið við færri markmið í upphafi. Borgarfjarðarbrúin hefur reynst góður vettvangur fyrir stjórnendur Menntaskólans og grunnskólanna til að vinna að sameiginlegum markmiðum. Unnið hefur verið að nokkrum stærri verkefnum sem hafa miðað að því að stuðla að sveigjanleika og fjölbreytni í námi, kennsluaðferðum, námsmati og kennsluháttum. Má þar m.a nefna Spunanámskeið og örnámskeið. Afrakstur þeirra verkefna er þegar orðinn sýnilegur í skólastarfinu. Annar afrakstur ekki síður mikilvægur en minna sýnilegur er samstarf stjórnenda á milli skólastiga. Að mati hópsins þá hefur þetta tækifæri sem styrkur Sprotasjóðs hefur gefið verið ómetanlegt fyrir þróunarstarf í öllum skólunum.

Umræður um hvernig bæta megi gæði skólastarfsins í þágu nemenda og kennara hafa leitt af sér góðar hugmyndir. Þá hefur þarna skapast vettvangur fyrir umræður um innleiðingu nýrrar aðalnámskrár og þær áskoranir sem skólarnir standa frammi fyrir í því verkefni á næstu misserum. Aðilar eru sammála um að halda samstarfinu áfram og byggja á þeim grunni sem lagður hefur verið fyrir tilstuðlan styrks úr Sprotasjóði.

Spunanámskeiðið

Mörg forrit voru skoðuð og nokkur tekin út og prófuð nánar. Vefsíðugerð í Weebly var eitthvað sem flestir þátttakendur nýttu sér í kennslu. Nemendur unnu vel í verkefnum sem tengdust vefsíðugerð og áttu auðvelt með að tileinka sér verkfærið. Hotpotatos og Playbrighter eru meira kennaramiðuð verkefni þar sem kennarinn setur upp verkefni og nemandinn fer inn á vefinn og leysir. Kennarar hefðu viljað prófa betur nokkur verkefni sem eru meira nemendamiðuð t.d. Showbeyond og Tux Paint. Stýrihópurinn kom upp heimasíðu <http://borgarfjardarspuni.wordpress.com/> sem var hugsuð fyrir kennara sem tóku þátt í Borgarfjarðarspunanum. Þar var hægt að segja frá því sem kennarar voru að prófa og jafnframt var síðan hugsuð sem vettvangur til að miðla öðrum af reynslu verkefnisins. Á síðunni er einnig að finna fundargerðir stýrihóps og faghópa innan skólanna. Í kaflanum annað sem gagnlegt er að upplýsa stjórn Sprotasjóðs um er að finna yfirlit stýrihópsins yfir forrit sem voru skoðuð og prófuð í Borgarfjarðarspunanum. Þá er þar einnig að finna yfirlit yfir þau forrit sem voru mest notuð í kennslu af kennurum eftir að þeir höfðu kynnt sér hvað var í boði.

Námskeið í töflureikni og klippiforritum

Haldin voru þrjú námskeið fyrir kennara í notkun excel töflureiknis og klippiforríta. Það var niðurstaða bakhópsins að námskeiðin hefðu tekist vel og það væri nauðsynlegt að vera með fleiri námskeið þar sem kennt væri á forrit sem notuð væru í kennslu. Kennarar töldu eins og komið hefur fram um ávinning af námskeiðunum að aukin þekking þeirra myndi skila sér beint í aukinni notkun nemenda á upplýsingatækni í námi.

Samfella í námsmati

Niðurstaða bakhópsins var að það þyrfti að skapa meiri samfellu í námsmati milli Menntaskólans og grunnskólanna. Unnið var að því að skapa sameiginlegan skilning á námsmati milli skólastiga og var m.a. ákveðið að Menntaskóli Borgarfjarðar færi af stað næsta skólaár með tvær leiðir fyrir nemendur í kjarnafögum þar sem nemendur gætu valið um að byrja á áföngum á hæfniprepi eitt eða á hæfniprepi tvö.

Þróun á flæðinámi

Níu nemendur úr Grunnskóla Borgarnes stunduðu nám í stærðfræði og ensku skólaárið 2011-2012 í Menntaskóla Borgarfjarðar. Verkefnið gengur mjög vel og nemendur eru að skila góðum árangri. Haldinn var sérstakur fundur þar sem farið var yfir hvað mætti bæta í þessu samstarfi um flæðinám og var niðurstaðan sú að Menntaskólinn gæti kynnt skólann betur fyrir þessum nemendum og fengið þau meira til að tengjast því sem þar gerist sem og að grunnskólinn gæti einnig fylgt þeim betur eftir með umsjón námsins sín megin. Skólarnir eru allir með sama námsráðgjafa og auðveldaði það öll samskipti milli skólastiga í tengslum við flæðinámið.

8. ÁÆTLUN UM KYNNINGU Á AFRAKSTRI VERKEFNISINS OG HELSTU NIÐURSTÖÐUM

Skýrsla þessi verður birt á netinu. Haustið 2012 verður haldið sameiginlegt menntaþing allra skólastofnana í Borgarbyggð og mun verkefnið verða kynnt þar. Vefsíðan <http://borgarfjardarspuni.wordpress.com/> inniheldur fundargerðir stýrihópsins sem hélt utan um spunanámskeiðið ásamt upplýsingum um verkfæri og vefsíður sem hafa verið skoðuð og fleiri verkfæri sem eru áhugaverð.

9. ANNAÐ SEM GAGNLEGT ER AÐ UPPLÝSA STJÓRN SPROTASJÓÐS UM

Samantekt á niðurstöðum stýrihóps um spunanámskeiðið

Hér er að finna samantekt á þeim forritum sem kennarar prófuðu og skoðuðu á spunanámskeiðinu og stutt álit stýrihópsins á einstaka forriti. Einnig er að finna yfirlit yfir þau netverkfæri sem kennarar notuðu mest í kennslu.

Forrit sem voru skoðuð og prófuð

Forrit	Slóð	Stutt álit
Bookr	http://www.pimpampum.net/bookr/	Allir voru sammála um að þetta væri ekki gott tæki.
Showbeyond og Photostory	http://showbeyond.com	Myndasýningar settar upp og hægt að tala inn á – tilvalið í tungumálakennslu.
Play Brighter	www.playbrighter.com	Býður upp á nám í gegnum leik.
Tux Paint	http://tuxpaint.org/	Skemmtileg síða fyrir börn sem virkar svipað og Kidpix.
Glogster	www.eduglogster.com	Ekki lengur ókeypis en 30 daga prufuáskrift
Weebly	www.weebly.com	
Wordpress	www.wordpress.com	
Hotpotatos	http://www.halfbakedsoftware.com	
Wikispace	http://grunnborgarwiki.wikispaces.com/	Fyrst og fremst notuð til að koma hotpotatos verkefnum út á vefinn þannig að nemendur geti nálgast þau heima.
Microsoft publisher		Nemendur unnu kynningarbæklinga
Flickr	www.flickr.com	

Kennarar skoðuðu einnig:

Tenglasíðu Hofstaðarskóla inn á <http://hofsstadaskoli.is/Kraekjur>

Hólmfríður Ólöf Ásmundardóttir kynnti lokaverkefni sitt sem var um smarttöflur sjá <http://hofio.wordpress.com/> Kennarar ræddu um gagnsemi þeirra

Kennarar kynntu sér stærðfræðivef inn á www.mangahigh.com

Skoðað var verkfærið join.me en það er sniðugt til að sjá skjá hjá öðrum

FJERN-UV. Dk er síða þar sem ýmislegt er að finna til að læra og þjálf

Ýmsar blogg síður (sjá vefsíðu verkefnisins)

Mest notað af kennurum:

Weebly – vefsíðugerð		Einfalt og þægilegt viðmót sem nemendur ná fljótt tökum á. Margir unnu með þetta inn í skólunum.
Hotpotates	http://www.halfbakedsoftware.com	Forrit sem nokkrir kennarar lærðu á og notuðu í tungumálakennslu.
Play Brighter	www.playbrighter.com	Notað í öllum skólunum. Gefst vel í einföld verkefni fyrir spurningar og svör og krakkarnir voru spenntir fyrir þessu.

Borgarnesi 12. júní 2012

Kolfinna Jóhannesdóttir